

Orlofssjóður bandalags háskólamanna

Stefnumótun 2018 - 2019

Framtíðarsýn

- Framtíðarsýn Orlofssjóðs bandalags háskólamanna er að allir sjóðfélagar og fjölskyldur þeirra geti notið orlofs við bestu skilyrði.

Hlutverk

- Hlutverk sjóðsins er að auðvelda sjóðfélögum að njóta orlofs þannig að frítíminn verði uppspretta orku. Það skal gert með því að bjóða fram góða og fjölbreytta orlofsmöguleika, gegn sanngjarnri þóknun.

Áherslur

Sjóðfélagar

1. Óskir sjóðfélaga verði hafðar að leiðarljósi við ákvörðun um þjónustu. Byggt verður á viðhorfum til þjónustu sem könnuð verða reglulega.
2. Upplýsingaveita sjóðsins sé aðgengileg og auðskiljanleg.

Orlofshús

3. Orlofsmöguleikar séu í sem flestum landshlutum að sumarlagi og helst í einni borg erlendis allt árið og tveimur borgum eða svæðum að sumarlagi.
4. Fjöldi íbúða í þéttbýli verði í samræmi við eftirspurn eins og kostur er.
5. Leiguverð svipaðra orlofskosta skal samræmt, óháð landssvæðum og rekstrarformi.
6. Fasteignum sjóðsins verði einungis ráðstafað til annarra félagasamtaka með skiptileigu.

Hagkvæmni

7. Nýting orlofskosta sé sem best og í samræmi við starfsmarkmið.
8. Rekstur sjóðsins skal vera skilvirkur og hagkvæmur.
Allar nýjar fjárfestingar skulu taka mið af hagkvæmnissjónarmiðum út frá rekstri sjóðsins í heild.

Mannauður

9. Starfsfólk njóti virðingar og því gert kleift að sinna starfi sínu á sem bestan hátt.
10. Árhersla lögð á að starfsfólk fái tækifæri til að auka þekkingu sína og hæfni.

Samfélagsleg ábyrgð

11. Áhersla skal lögð á öryggi og slysavarnir og öryggisstefnu framfylgt.
12. Umhverfisstefnu sjóðsins skal framfylgt.
13. Uppbygging og starfsemi sjóðsins verði í sátt við nágranna og nánasta umhverfi.
14. Halda skal skýrum skilum á milli stefnumótunar stjórnar og daglegum rekstri sjóðsins.
15. Forðast skal óréttmæta samkeppni við einkaaðila.

Starfsmarkmið

1. Nýting orlofskosta sé a.m.k. 95% á sumrin.
2. Viðhorf sjóðfélaga til þjónustu verða könnuð reglulega. Gerð verður viðhorfskönnun 2018 og svo næst annað hvert ár þaðan í frá meðal sjóðfélaga OBHM. Fundnar verði leiðir til að framkvæma reglulega þjónustukannanir meðal leigjenda.
3. Haldið verði áfram með uppbyggingu í Brekkuskógi.
4. Vinna að uppgerð á húsum 22, 23 og 24.
5. Lokið verður við endurgerð húsa 12 og 13 í Brekkuskógi.
6. Gerður verður samningur um reglulegar viðhaldsáætlanir á eignum sjóðsins.
7. Unnið að innleiðingu á eignaumsjónakerfi CCQ.
8. Bundið slitlagt verði lagt á bílastæði við áhaldahús og þjónustumiðstöð.
9. Póstlitar OBHM verði aðlagðir að persónuverndarlögum.
10. Kynna vel þjónustu sjóðsins.
11. Ljósmyndir af orlofskostum verði uppfærðar.
12. Unnið skal að því að bæta aðstöðu til útiveru í Brekkuskógi.
13. Unnið skal að því að bæta aðstöðu í Brekkubíngi og baðaðstöðu. 0
14. Fasteignum sjóðsins sé vel viðhaldið og virk upplýsingagjöf til stjórnar.
15. Aðgerðaráætlun um niðurstöður viðhorfskönnunar.
16. Endurskoða útgáfu orlofsblaðs.
17. Unnið skal að endurbótum húsa í Aðaldal.
18. Starfshópur leggi fram stefnu um framtíðar uppbyggingu á efra svæði A-húsabyggðar í Brekkuskógi.
19. Leitað verði eftir orlofskosti til heilsársútleigu í borg erlendis.
20. Leitað verði eftir orlofskostum til endurleigu innanlands yfir sumartíma.
21. Endurskoðun á íbúðarmálum á Akureyri.

Stefna samþykkt 29. október 2018